

Rafrænt umsóknarblað fyrir rekstraraðila mengandi starfsemi

Umhverfisstofnun / 5.10.2023 11:29



Upplýsingar um umsóknina

Athygli umsækjanda er vakin á því að hægt er að uppfæra notendaupplýsingar undir flípanum Notandi. Þetta getur sérstaklega átt við þegar umsækjandi hefur áður sótt um starfsleyfi en upplýsingar um hann ekki verið endurnýjaðar.

Umsækjandi skal tryggja að nauðsynlegar upplýsingar komi fram í umsókn, samanber 6. grein 550/2018, einkum liðum a til k í annarri málsgrein.

Dæmigerður ferill umsóknar: Dæmigerður ferill máls um starfsleyfisumsókn.pdf

Upplýsingar um rekstraraðila

Samkvæmt reglugerð 550/2018, um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit, eiga eftirfarandi upplýsingar um starfsemi að koma fram:

Ábyrgðarmaður umsóknar	H. Kristín Geirsdóttir
Sími ábyrgðarmanns	8966644
Netfang ábyrgðarmanns	kristin@svinvirkar.is
Nafn fyrirtækis	Stjörnuegg hf.
Kennitala fyrirtækis	630191-1579
Starfsstöð fyrirtækis	Vallá, Kjalarnesi
Póstnúmer og staður	162
Sími fyrirtækis	5313000
Netfang fyrirtækis	kristin@svinvirkar.is
Tengiliður fyrirtækis ef annar en ábyrgðarmaður umsóknar	Sigurður Kári Kristjánsson hrl.
Sími tengiliðs	8944433/5121220
Netfang tengiliðs	sigurdur@llg.is

Upplýsingar um atvinnurekstur

Lýsið tegund og umfangi atvinnurekstrar, sem og umfangi einstakra rekstrarþátta ef við á

Starfsemi:

Félagið Stjörnuegg hf., kt. 630191-1579. ÍSAT nr. 01.50.0 Blandaður búskapur, er eigandi og rekstraraðili eggjabúsins á Vallá.

Á Vallá hefur verið starfrækt eggjaframleiðsla í svipaðri mynd sem nú er frá árinu 1970. Kúabúskapur var stundaður á jörðinn áður.

(Loftmynd af landareign og starfsemi má sjá í skjali sem ber yfirskriftina "Starfsemi að Vallá", sem vistuð er undir viðbótargögnum hér að neðan.)

Lýsing á starfstöð:

Byggingar:

Yfirbygging starfseminnar telur um 6000 fermetra; skipt niður í sjö byggingar, þ.e. varphús, eggjapökkun, kælar, umbúða- og rekstrarvörugeymslur, starfsmannaaðstaða og skrifstofa. Á búinu fer fram daglegt eftirlit með varpfluglum ásamt tínslu og pökkun á eggjum.

Búnaður og viðhald

Innréttingar varphúsa eru nýlegar og fullkomnar. Öll fóðrun er tölvustýrð. Öll loftræstikerfi og hitakerfi eru ný. Ljósastýringar og loftskipti eru tölvustýrð, sem og mæling á raka- og hitastigi. Öllum búnaði er vel við haldið. Eigin viðhaldsdeild sér um viðgerðir og reglulegt viðhald á búnaði ásamt rafvirkja búsins og pípulagningarmönnum. Daglegt eftirlit er með virkni alls búnaðar.

Eftirlit

Daglegt innra eftirlit er á búinu bæði í formi skráninga og sjónræns eftirlits. Það er í höndum starfsmanna búnsins. Matvælastofnun hefur svo eftirlit með búinu árlega með dýravelferð og fóðureftirlit, sem og þökkunarferli á eggjum. Vinnueftirlitið hefur árlegt eftirlit með búnaði, vinnuaðstöðu og vélum. Umhverfisstofnun sinnir umhverfiseftirliti árlega.

Bústofn og fóður:

Allur bústofn er eigin framleiðsla og kemur frá varpstofni félagsins, þ.e. foreldrafuglum í Saltvík. Þurrfóður er keypt af Líflandi ehf. og sjá þeir um dreifingu á fóðri í öll varphús. Gott heilbrigði er á búinu og bústofni félagsins yfirhöfuð sökum lokaðs kerfis, stöðu landsins og mikils eftirlits. Búið starfar samkvæmt reglugerð um velferð hænsnfugla, hvað varðar þéttleika, atferli og kröfur þar að lútandi. Vatn til drykkjar fyrir bústofn og ábúendur staðarins kemur frá vatnsbóli í landi Vallár við rætur Esju. Veitur sjá um sýnatök vatns og viðhald umhverfis vatnsból.

Staðhættir

Vallá er staðsettir á Kjalarnesi, 116 Reykjavík með landnúmer 125762. Búið stendur á eignarlóð Skurn ehf og hefur til umráða um 100 hektara lands við búið en félagið á sömuleiðis jarðirnar Sætún, Saltvík og Sjávarhóla. Í nágrenni við búið eru eftirfarandi aðilar.

1. Ábúendur á Vallá (um 30-40 manns að jafnaði). Fjarlægð í beinni loftlínu 25 m og 170 m vestan við búið.
2. Klébergsskóli, grunnskóli svæðisins. Fjarlægð í beinni loftlínu 490 m vestur af búinu.
3. Grundarhverfi, íbúabyggð. Fjarlægð í beinni loftlínu 650 m norðvestur af búinu.
4. Bærinn Skrauthólar. Fjarlægð í beinni loftlínu 600 m sunnan við búið.

Ríkjandi vindátt er austan átt og svæðið er fremur vindasamt eins og þekkt er.

Efni, orka og varaafli:

Önnur efni en þau sem notuð eru til þrifa almennt eru ekki til staðar á búinu fyrir utan litaða gasolíu sem er í olíutanki með tvöfalt byrði staðsett fyrir utan varaafstöð. Framleiðsla önnur en eggjaframleiðsla er ekki til staðar. Á búinu er stór varaafsstöð sem þjónar búinu, starfsemi þess og íbúðarhúsum á staðnum.

Losun og áhrif

Meðfylgjandi er útstreymisbókhald sem gefur til kynna losun út í andrúmslofið. Loftrætsing á búinu er ný og vel við haldið og hitakerfi sömuleiðis. Einnig er seyra/úrgangur fjarlægður 2-3svar í viku í takt við góða búskaparhætti. Umfangsmikil skjólbeltarækt á jörðinni en á árum áður var hæsnaskít dreift á jörðina sem áburður til uppgræðslu þessara trjáa.

Ráðstöfun við vöktun losunar:

Öll losun frá búinu er gerð handvirkt þ.e.a.s. vöktuð á meðan losun fer fram. Skráningar fara fram með tæmingu belta í húsum skv. verklagi og tímaáætlun. Tæming/losun hvers varphúss fer fram 2-3 svar í viku og er úrgangi keyrt burt af svæðinu.

Stuðst er við BAT (bestu aðgengilegu tækni) í starfsemi búnsins. Unnið er stöðugt í því að lágmarka losun frá búinu, orkunotkun og vatnsnotkun. Miklar breytingar og framfarir hafa verið hvað það varðar á síðustu árum.

Áætlun um ráðstöfun úrgangs:

Á eggjabúinu er ráðstöfun úrgangs með sama hætti og verið hefur undanfarna tvo áratugi, þ.e. hann afhentur til aðila, sem eftir því óska til áburðar og uppgræðslu lands

Uppdrættir af staðsetningu	Vallá. afst.mynd.pdf
Afrit af staðfestu deiliskipulagi	Deiliskipulagsbreyting 2023 Vallá 23.01.23.pdf
Lýsið staðháttum við vinnslustað (rekstrarsvæði)	Starfsemin á Vallá Stjörnuegg.docx

Hvaða efni og orka eru notuð við framleiðsluna?

Bústofninn er fóðraður á varpfóðri og vatni. Sápa er notuð við þrif og þökkun. Orkunotkun samanstendur af heitu vatni, rafmagni og olíu á varaafgjafa.

Hver er fyrirsjáanleg losun framleiðslunnar?

Vísað er umhverfismatsskýrslu EFLU, dags. 23.3.2023, um þessi atriði. Þá er hjálagað úrstreymisbókhald 2022 og grænt bókhald. Vísast jafnframt til þeirra gagna.

Ísland skilar losun á eftirfarandi efnunum skv. CLRTAP og UNFCCC. Rekstraraðilar er falla undir viðskiptakerfi ESB með losunarheimildir skila gögnum um losun gróðurhúsalofttegunda skv. lögum nr. 70/2012. Vinsamlegast tilgreinið þá losun í loft sem á sér stað í þeim einingum sem gefnar eru upp í skjalinu. Ef um er að ræða aðra losun er hér er talin upp má bæta við efnunum neðst í skjalið.

Fyllið út og skilið inn þessu skjali: Listi skil til althjodasamninga.xlsx

Losunartölur vegna alþjóðasamninga

Mat á umhverfisáhrifum (samanber 6. málsgrein 6. greinar reglugerðar 550/2018)

Upplýsingar um stöðu mats á umhverfisáhrifum eða matsskyldu fyrirspurnar

Fyrir liggur umhverfismatsskýrsla EFLU, dags. 23.3.2022 að beiðni Stjórnueggja hf. Umhverfismatsskýrslan var unnin í telefni af umsókn Stjórnueggja hf. um breytingar á gildandi deiliskipulagi með það að markmiði að fjölga stæðum fyrir varpflugla á búinu úr 50.000 í 95.000. Að fengnu breyttu deiliskipulagi hyggjast Stjórnuegg hf. óska eftir því að starfsleyfi félagsins vegna eggjabúsins á Vallá verði breytt að teknu tilliti til framangreindra breytinga á fjölda stæða á búinu eða óska eftir útgáfu á nýju starfsleyfi í samræmi við fjölgun stæðanna.

Umhverfismatsskýrsla EFLU fylgir umsókn þessari og er m.a. vinstuð undir viðbótargögnum.

Áhrif á umhverfið

Hver eru áhrif losunar á umhverfið?

Stjórnuegg hf. - Umhverfismatsskýrsla 12.3.2022 -
Endurnýjun búnaðar og aukin framleiðslugeta eggjabús
Vallár á Kjalarnesi.pdf

Hvaða mengunarvarnir verða valdar til að hindra eða draga úr losun út í umhverfið?

Vísad er til hjálagðrar umhverfismatsskýrslu EFLU um mengunarvarnir og þann varpbúnað sem til stendur, við stækkun búins, að setja upp til að endurbæta loftræstingu og losun út í umhverfið. Við val á búnaði hafa Stjórnuegg hf. lagt sig fram um að nota búnað sem samræmist bestu aðgengilegu tækni (BAT) eins og hún er á hverjum tíma.

Hverjar eru áætlaðar aðgerðir til að fylgjast með losun út í umhverfið?

Stjórnuegg hf. - Umhverfismatsskýrsla 12.3.2022 -
Endurnýjun búnaðar og aukin framleiðslugeta eggjabús
Vallár á Kjalarnesi.pdf

Lýsið tilhögun innra eftirlits vegna losunar út í umhverfið

Vísad er til hjálagðra skjala, þ.e. útstreymisbókhalds, græns bókhalds, BAT-greinargerðar til Umhverfisstofnunar um hvernig niðurstöður BAT eru uppfylltar og Umhverfismatsskýrslu EFLU.

Lýsið ráðstöfunum til að koma í veg fyrir myndun úrgangs

Sá úrgangur sem fellur til vegna starfseminnar er helst hænsnaskítur. Sá skítur er endurnýttur til uppgræðslu og áburðar lands, eins og m.a. er lýst í umhverfismatsskýrslu EFLU, s.s. í kafla 2.6.2.

Lýsið tegund og magn úrgangs sem fellur til við framleiðsluna

Um þetta atriði vísast til hjálagðrar umhverfismatsskýrslu EFLU.

Lýsið því hvort aðferðir sem valdar hafa verið til að draga úr mengun, komi til með að valda mengun annarsstaðar

Nei.

Munu losunarþættir viðkomandi reksturs hafa í för með sér sammögnunaráhrif?

Nei.

Skýrsla um grunnástand (ef við á)

Í reglugerð nr. 550/2018 segir í 15. gr.: „Þegar starfsemi felur í sér notkun, framleiðslu eða losun tiltekinnar hættulegra efna skal rekstraraðili, með hliðsjón af mögulegri jarðvegs- og grunnvatnsmengun á iðnaðarsvæði starfseminnar, taka saman og leggja fyrir Umhverfisstofnun skýrslu um grunnástand svæðisins áður en starfsemin hefst eða áður en starfsleyfi starfseminnar er uppfært.“

Umhverfisstofnun hefur gert leiðbeiningar til umsækjenda um starfsleyfi fyrir skýrslur um grunnástand

Evrópusambandið hefur gefið út leiðbeiningar um skýrslur fyrir grunnástand.

Skýrsla um grunnástand sbr. 15. gr. reglugerðar nr. 550/2018

Grunnástandsskýrsla Stjórnuegg hf. Vallá.docx

Valkostir í áætluðum aðgerðum til að fylgjast með losun í umhverfið

Til viðbótar þeirri umfjöllun sem fram kemur í meðfylgjandi skjöl er ítrekað að sá úrgangur sem fellur til vegna starfseminnar er helst hænsnaskítur. Sá skítur er endurnýttur til uppgræðslu og áburðar lands, eins og m.a. er lýst í umhverfismatsskýrslu EFLU, s.s. í kafla 2.6.2., enda eftirsóttur til þeirra nota. Stjórnuegg hf. fá ekki séð að félagið

hafi einhverja valkosti til þess að fylgjast með dreifingu skítsins eftir að hann hefur verið afhentur, enda þar sem ábyrgð á honum er samkvæmt almennum reglum ekki lengur á hendi félagsins.

Annað

Sýniseintök til viðmiðunar:

Áætlun vegna rekstrarstöðvunar; (Sýniseintak)

Samantekt sem er ekki á tæknimáli um þau atriði sem fram koma í umsókninni.

Núgildandi starfsleyfi Stjórnueggja hf., sem gefið var út hinn 15. nóvember 2011 rennur út hinn 15. nóvember 2023.

Félagið hefur í hyggju að ráðast í breytingar á starfsemi sinni að Vallá.

Þannig hyggjast Stjórnuegg hf. endurnýja og varpbúnað og bæta aðstöðu í húsum eggjabúsins á Vallá, auk þess sem unnið er að stækkun búsins. Byggt verður nýtt eggjahús ef áætlanir ganga eftir sem útbúið verður Aviary varpbúnaði. Við þær breytingar eykst aðgengilegt rými fyrir fugla. Eggja bú hefur verið starfrækt á jörðinni frá árinu 1970. Vaxandi eftirspurn eftir afurðum félagsins, auknar kröfur um aðbúnað og þróun í rekstri kallar meðal annars á þessar breytingar. Nái þær fram að ganga er að því stefnt að á búinu verði allt að 95.000 stæði fyrir fugla á mismunandi vaxtarstigum.

Forsenda þess að hægt verði að sækja um breytingu á núgildandi starfsleyfi, eða eftir atvikum útgáfu að nýju starfsleyfi, vegna stækkunarinnar er sú að deiliskipulagi fyrir Vallá á Kjalarnesi verði breytt þannig að stækkunaráformin rúmist innan gildandi deiliskipulags.

Tillaga að breytingu á gildandi deiliskipulagi hefur þegar verið gerð. Er hún nú til meðferðar og sér vonandi fyrir endann á skipulagsferlinu.

Í aðdraganda þessara breytinga fengu Stjórnuegg hf. verkfræðistofuna EFLU til þess að útbúa umhverfismatsskýrslu vegna fyrirhugaðrar endurnýjunar búnaðar og aukinnar framleiðslugetu eggjabús félagsins á Vallá.

Umhverfismatsskýrslan fylgir umsókn þessari hjálagt en þar er að finna ítarlega umfjöllun um alla þá þætti sem varða umhverfisþætti starfsemi félagsins.

Þar sem verulegar líkur eru á að framangreindu deiliskipulagsferli vegna fyrirhugaðrar fjölgunar stæða á eggjabúi Stjórnueggja hf. samkvæmt framangreindu verði ekki lokið áður en núgildandi starfsleyfi félagsins rennur út, sækja Stjórnuegg hf. um framlengingu á núgildandi starfsleyfi sínu, sbr. heimild í 4. mgr. 6. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir.

Munu Stjórnuegg hf. engu að síður halda áfram að vinna að undirbúningi umsóknar vegna fyrirhugaðra breytinga á starfsemi sinni að Vallá og skila inn sérstakri umsókn vegna þeirra um leið og deiliskipulagi fyrir Vallá hefur verið breytt til samræmis við þau áform.

Annað sem umsækjandi vill koma á framfæri

Stjórnueggjum hf. er ekki kunnugt um að starfsemi félagsins falli undir viðskiptakerfi ESB með losunarheimildir, sbr. lista um skil til alþjóðasamninga hér að framan. Um losun vísa Stjórnuegg hf. til útstreymisbókhalds, græns bókhalds og umhverfismatsskýrslu EFLU, en öll þau skjöl fylgja umsókn þessari hjálagt.

Áætlun vegna tímabundinnar rekstrarstöðvunar	aaetlun vegna rekstrarstodvunar timabundinnar eda varanlegrar.docx
--	--

Áætlun vegna varanlegrar rekstrarstöðvunar	aaetlun vegna rekstrarstodvunar timabundinnar eda varanlegrar.docx
--	--

Umsókn um starfsleyfi fyrir starfsemi sem getur valdið bráðamengun á hafi eða ströndum vegna eðlis starfseminnar og/eða nálægðar hennar við sjó og talin er upp í a-lið í viðauka I í lögum nr. 33/2004 um varnir gegn mengun hafs og stranda skal auk þess fylgja:

Viðbragsáætlun vegna bráðamengunar (Sýniseintak)

Staðfesting á að starfsemin hafi tryggingu í samræmi við Stjórnuegg - Frjáls ábyrgðartrygging (003).pdf lög nr. 33/2004

Áhættumat vegna bráðamengunar hafs og stranda	Áhættumat fyrir olíu -Stjórnuegg.docx
---	---------------------------------------

Viðbragðsáætlun vegna bráðamengunar hafs og stranda	Áhættumat fyrir seyru Vallá - Stjórnuegg.docx
---	---

Viðbragðsáætlunin skal byggja á (áhættumati)

Viðbótargögn

Stjörnuegg hf. - Umhverfismatsskýrsla 12.3.2022 -
Endurnýjun búnaðar og aukin framleiðslugeta eggjabús
Vallár á Kjalarnesi.pdf

Viðbótargögn

Grænt bókhald 2022 Stjörnuegg_.pdf

Yfirlýsing
